Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-09-09 15:50:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2026-09-21 15:17:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-09-22 14:55:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Miðvikudaginn 20. maí 2026 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Oddur Gunnar Jónsson og Rósa Steingrímsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 20. maí
- Drög að 439. fundargerð EFS 22.04.2026
- Ársreikningar sveitarfélaga 2025
- Jafnvægisregla 2015-2028
- Strandabyggð – sundurliðunarabók 2025

1. Samþykkt fundargerða

Samþykkt fundargerðar 439 frá 22.04.2026 var frestað þar til á næsta fundi.

2. Yfirferð ársreikninga 2025

Samkvæmt 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal ársreikningum sveitarfélaga ásamt skýrslu endurskoðanda berast ráðuneytinu eigi síðar en 20. maí ár hvert. Farið var yfir ársreikninga valinna sveitarfélaga en stefnt er að því að klára yfirferðina þegar öll gögn hafa borist í upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Við yfirferð á ársreikningi Reykjavíkurborgar var rætt um miklar sveiflur í lífeyrisskuldbindingum sem eru stór þáttur í því að afkoma A-hluta er neikvæð um 5 ma.kr. Reykjavíkurborg stenst lögbundin viðmið sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið stenst lögbundin viðmið sveitarstjórnarlaga.

Í Hafnarfirði var tap á A-hluta upp á 1,2 ma.kr. og rekstrarjöfnuður A-hluta síðastliðin þrjú ár er neikvæður um 800 m.kr. Þá hefur veltufé frá rekstri reynst vera lágt undanfarin ár.

Seltjarnarnesbær hefur verið rekinn með tapi undanfarin ár og þriggja ára rekstrarjöfnuður bæði A-hluta og samstæðu A- og B-hluta er neikvæður á árunum 2023-2025. Á árinu 2025 nam tap A-hluta u.þ.b. 480 m.kr. eða 7% af tekjum. Þá hefur framlegð A-hluta verið neikvæð síðastliðin 5 ár og veltufé frá rekstri lágt.

Afkoma sveitarfélagsins Árborgar hefur batnað undangengin ár og var rekstur ársins 2025 umfram áætlun. Sveitarfélagið stenst lögbundin viðmið sveitarstjórnarlaga.

Að lokum var farið yfir ársreikning Vopnafjarðar 2025. Halli var á A-hluta upp á tæplega 140 m.kr. eða 11% af tekjum en áætlun sveitarfélagsins gerði ráð fyrir tapi upp á 40 m.kr. Einnig hefur framlegð A-hluta verið neikvæð undanfarin ár sem og veltufé frá rekstri.

3. Mælaborð fyrir EFS

Starfsmaður nefndarinnar fór yfir virkni fjárhagslegs mælaborðs sem hefur verið í vinnslu. Mælaborðinu er ætlað að auðvelda nefndarmönnum að fara yfir fjárhagsupplýsingar og lykilmælikvarða sveitarfélaga með skilvirkum hætti. Þannig er að hægt að bera sveitarfélög saman og leggja mat á rekstur þeirra með sambærilegum hætti. Búið er að setja inn ársreikninga 2023, 2024 en ársreikningar 2025 eru enn að berast og bætast inn í mælaborðið samhliða því sem þeir verða uppfærðir í upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Nefndin lýsti yfir ánægju með mælaborðið en ræddi möguleikann á því að aðlaga framsetningu fjárhagslegra upplýsinga betur að þeim greiningum sem horft er til við störf hennar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:30 Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.